

stafsbundna trú, er með öllu horfin meðal vor Íslendinga, og kemur aldrei aftur. Dyr kyrkjunnar eru opnaðar fyrir viti og skynsemi, og það hefir haft þær blessunarrísku afleiðingar, að trúarskoðanir vorar, sem þjóðar, eru nú víðsýnni, frjálslyndari, mannúðlegri, og skynsamari, en þær hafa nokkru sinni áður verið. Rýmkunar tilraunir "Nýju guðfræðinnar" meðal vor, eiga beint rætur að rekja, til trúarbaráttu vorar frá fyrri árum. Vopn þau, sem "Nýja guðfræðin" beitir nú, í baráttu sinni við hinar eldri skoðanir, eru að láni fengin frá oss, "skoðanafrelsi", "rannsókiar-frelsi", "samvirkufrelsi". Þau eru einu sverðin, sem höggvið geta í sundur hlekkina, sem lagðir eru á andlega og tímanlega velferð og framsör mannkynsins. Sigur fylgir þeim sverðum, og um leið og þau særa, græða þau á sama hátt, því lífsteinninn er greypur í hjóltin.

"Ætlið eigi að eg sje kominn til að senda frið á jörð, til þess em eg eigi kominn, heldur sverð", sagði Meistarinn. Það eru þessi sverð.

Saga trúarhreyfingar vorrar, er því þess verð að hún geymist, og til þess er aldrei of snemma byrjað, að safna heimildum. Vjer viljum því alvarlega skora á alla, er í fórum sínum kunna að hafa eitthvað, er að einhverju leyti getur skýrt frá starfi, útbreiðslu og stefnu trúarhreyfingar vorrar frá fyrstu tímum, að senda oss það. Það skal verða vel varðveitt og öllum heimilt að ganga að því, er þess kunna að óska.

Af prentuðum ritum er þetta það helzta er vjer óskum að fá, og útgefið er hjer vestra:

I. FYRIRLESTRAR:

1. Þýðingar sjera Björns heitins Pjeturssonar.
 - a. Guð Gyðinga og Guð kristinna manna.
 - b. Mótsagnir Orþódoxfunnar.
 - c. Um þrenningarlærdóminn.
 - d. Katekismus Únftara.
2. Fyrirlestrar sjera Magnúsar J. Skaptasonar.
 - a. Um útskúfunarkenninguna.
 - b. Um Bókstaflegan Innblástur ritningarinnar.
3. Fyrirlestur Jóns rítstj. Ólafssonar; Til hugsandi manna.